

### 3. skólaráðsfundur

Mættir: Sigga Lára, Eyrún, Ásdís, Bára, Sigurbjörg, Katrín Rós, Sigga, Raket Sunna.

1. Sigga Lára fór yfir stöðurna fyrir næsta skólaár í Heiðarskóla. Áætlað er að 88 nemendur hefji nám í Heiðarskóla í haust. Kennararnir Einar Sigurðsson og Helena Bergström fara í ársleyfi og Hildur Jónsdóttir verður í fæðingarorlofi. Örn Arnarson sem var í ársleyfi á núverandi skólaári hefur sagt upp störfum. Arna Kristín Sigurðardóttir sem einnig var í ársleyfi mætir aftur í sína stöðu í haust. Búið er að auglýsa lausar kennarastöður ásamt tveimur leiðbeinendastöðum. Umsóknarfrestur rennur út 2. júní 2022, nokkrar umsóknir hafa borist og reiknað er með að hægt verða að ganga frá ráðningum kennara fyrir næsta skólaár mjög fljótlega. 1,42 stöðugildi stuðningsfulltrúa í tímabundinni ráðningu verða auglýst fljótlega. Starfsáætlun fyrir næsta skólaár er ekki tilbúin.
2. Eyrún fór yfir stöðuna fyrir næsta skólaár í Skýjaborg. 35 börn (1-3 mögulega að hætta). Stöðugildi upp á 11,35. 7,35 fastráðin. 4 stöðugildi til ráðningar eftir 8. júní, 6 starfsmenn í húsi um þær stöður. Starfsáætlun er ekki klár og kemur inn á næsta skólaráðsfund til samþykktar.